er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsimál rekin að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Staðfesting og gildistaka.

33. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 365, 28. júlí 1986, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. maí 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

7. maí 2004 Nr. 445

GJALDSKRÁ

fyrir Sorpstöð Héraðs bs.

1. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar skal vera í samræmi við eftirfarandi:

Sorpflokkur	**kr/kg án vsk.**	**með vsk. u.þ.b.**
Grófur óflokkaður úrgangur Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, rafeindabúnaður, málmar, timbur, steinefni og gler.	12,0	14,9
Annar óflokkaður úrgangur Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.	8,4	10,5
Seyra/úrgangur úr fituskiljum	2,0	2,5
Timbur Hreint, ekki litað eða fúavarið	4,0	5,0
Óendurvinnanlegt flokkað timbur Litað, spónaplötur o.þ.h.	5,75	7,2
Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu	5,75	7,2
Gler	5,75	7,2
Kjöt og sláturúrgangur	5,95	7,4

Sorpflokkur	kr/kg án vsk.	með vsk. u.þ.b.
Málmar, heimilistæki o.fl.	6,8	8,5
Garðaúrgangur	2,0	2,5
Gjald fyrir sorpförgun frá aðildarsveitarfélögum	8,4	10,5
Afgreiðslugjald	680	847
Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar	0,0	0,0
Sólarhringsgjald fyrir trjákurlara	2.500	3.113

2. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfelli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélaga sem sorpstöðin þjónustar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

Stjórninni er heimilt að ákveða að veittur verði allt að 3% afsláttur af framangreindri gjaldskrá gegn skilvísri greiðslu gjalda skv. gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Sorpstöðvar Héraðs bs., staðfestist hér með samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. júní 2004.

Egilstöðum, 7. maí 2004.

F.h. stjórnar Sorpstöðvar Héraðs bs.,

Ásta Sigfúsdóttir, formaður stjórnar.

Nr. 446 14. maí 2004

REGLUR

um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna.

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra sjálfstætt starfandi tannlækna.

Markmið reglnanna er að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.